



Sýslumannafélag Íslands

Hafnarstræti 1 - 400 Ísafjörður • Kt. 541207-1550

Sími 458 2400 • Netfang syslumannafelagid@syslumenn.is • Vefur www.syslumenn.is

Ísafirði, 11. febrúar 2021.

Forsætisráðuneytið

b.t. stýrihóps um heildstæða löggjöf og stjórnsýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir.

Sent um samráðsgátt á www.island.

Efni: Umsögn um eftirtalin mál í samráðsgátt:

Nr. 27/2021: Óskipt sameign að jörðum, reglur um ákvarðanatöku o.fl.

Nr. 28/2021: Endurskoðun laga um landamerki o.fl. (lagasamræming).

I.

Telja verður löngu tímabært og mjög þarft að færa regluverk um ofangreind málefni til nútímahorfs. Verður ekki annað séð en sú greining og þau áform sem kynnt eru um hvernig að því skuli staðið sé raunhæf, skynsamleg og vel unnin og eigi að leiða til hagfelldrar niðurstöðu.

Ljóst er þó að mikil vinna er framundan við að koma jafnt skráðu og óskráðu eignarhaldi á jörðum í það horf að uppfylli þær kröfur sem gerðar eru og verður sennilega aldrei gert um sumar jarðir. Eru ófá dæmi um að löngu látnir einstaklingar séu í þinglýsingabókum skráðir fyrir hluta jarða og að jafnvel flestir erfingjar þeirra séu einnig látnir, skiptum dánarbúa hlutað-eigadi lokið en engin skjöl borist sýslumönnum til þinglýsingar um breytt eignarhald og því erfitt ef ekki ómögulegt að henda reiður á hverjir talist geti eigendur. Getur þetta leitt til þess að nánast ómögulegt er að þinglýsa ráðstöfunum sem samkvæmt almennum reglum um sameign teljast ekki heimilar nema allir eigendur samþykki. Því er ekki unnt að koma í framkvæmd ýmsum áformum sem eru til þess fallin að auka verðmæti jarða, bæta not þeirra eða ráðstafa þeim til nýrra eigenda. Er brýnt að koma heimildum til ráðstafana í það horf að hreyfing geti komist á mál sem varða ýmsar jarðir og að búa svo um hnúta að það sé gerlegt þótt skráning allra eigenda sé ekki fullnægjandi enda verði eftir föngum leitast við að gæta að réttindum allra þeirra sem í hlut kunna að eiga.

Sama á við um þau landamerki jarða sem ekki liggja fyrir eða ekki lýst með fullnægjandi hætti. Getur slíkt valdið óvissu og margháttuðum óþægindum, eins og fram kemur í áformaskjali því sem kynnt er, og brýnt að einfalda og samræma reglur um frágang þeirra, framsetningu og knúid verði á um að eigendur jarða og lendna ráðist í skráningu landamerkja þessara eigna sinna.

II.

Samkvæmt lögum fyrir og nú hafa sýslumenn haft mikið með framangreinda málaflökka að gera og á embættum þeirra vítt og breitt um landið er góð þekking og aðstæður til að sinna fjölmörgu sem þeim tengist. Þykir því eðlilegt og eindregið mælst til þess að embættunum verði ætlað hlutverk við hæfi í því breytingaferli sem framundan er og lýsa sýslumenn sig fúsa til samstarfs um það.

formaður stjórnar Sýslumannafélags Íslands